

- Tilnefning persónuverndarfulltrúa
  - Við erum stjórnvald og við höfum skipað persónuverndarfulltrúa.
  - Við erum ekki stjórnvald, en vitum hvort eðli starfseminnar gerir okkur skylt að tilnefna persónuverndarfulltrúa.
  - Okkur er ekki skylt að tilnefna persónuverndarfulltrúa skv. löggjöfinni en við höfum engu að síður ákveðið að gera það. Við skiljum að sömu kröfur gilda um tilefningu hans eins og ef okkur væri það skylt. Sömu kröfur eru gerðar til okkar persónuverndarfulltrúa.
- Staða persónuverndarfulltrúa
  - Persónuverndarfulltrúinn okkar hefur beinan aðgang að æðstu yfirstjórn og er gefið fullnægjandi sjálfstæði til að sinna störfum sínum.
  - Við upplýsum persónuverndarfulltrúann okkar tímanlega um öll atriði sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga.
  - Persónuverndarfulltrúinn okkar hefur nægar heimildir, bæði hvað varðar fjárráð og mannafla, til að sinna störfum sínum.
  - Við tryggjum að önnur verkefni eða skyldur sem falin eru persónuverndarfulltrúanum leiði ekki af sér hagsmunaaðreksstra.
  - Við refsum ekki persónuverndarfulltrúanum fyrir framkvæmd starfs síns.
- Verkefni persónuverndarfulltrúa
  - Persónuverndarfulltrúanum okkar hefur verið falið að hafa eftirlit með því að farið sé að persónuverndarlöggjöfinni, innri stefnum um persónuvernd og stuðla að vitundarvakningu, sinna fræðslu og framkvæma úttektir.
  - Við munum taka mið af ráðleggingum persónuverndarfulltrúans og þeim upplýsingum sem hann veitir varðandi persónuverndarlöggjöfina.
  - Við skiljum að persónuverndarfulltrúinn á ekki að taka ákvarðanir um vinnslu persónuupplýsinga heldur veita ráðgjöf og sinna eftirliti.
  - Þegar MÁP (mat á áhrifum á persónuvernd) fer fram þá leitum við ráða hjá persónuverndarfulltrúanum sem hefur jafnframt eftirlit með ferlinu.
  - Persónuverndarfulltrúinn okkar sinnir samskiptum við Persónuvernd. Hann vinnur með Persónuvernd, t.d. vegna beiðni um fyrirframsamráð, og getur ávallt leitað til Persónuverndar til að fá ráðgjöf.
  - Við framkvæmd verkefna sinna tekur persónuverndarfulltrúinn viðeigandi tillit til þeirrar áhættu sem getur falist í vinnslunni og tekur mið af umfangi, samhengi og tilgangi hennar.
- Samband við persónuverndarfulltrúann
  - Einstaklingar, starfsmenn og Persónuvernd eiga auðvelt með að hafa samband við persónuverndarfulltrúann.
  - Við höfum birt upplýsingar um netfang og/eða símanúmer sem hægt er að nota til að komast í samband við persónuverndarfulltrúann.